

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um tilboð Breta um að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu.

1. *Hafði ráðherra, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um tilboð breska fjármálaeftirlitsins (FSA) um að gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu væri FSA tilbúið að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu?*

Nei.

2. *Í hvað er ráðherra að vísa með eftirfarandi tilsvári í símtali við Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta:*

Darling: „Ég tek því þá sem svo að loforðið sem Landsbankinn gaf okkur um að hann fengi 200 milljónir punda í reiðufé sé einnig fyrir bí?“

Ráðherra: „Já, þeir fengu ekki það fé.“?

Óskað er eftir því að ráðherra birti í svarinu minnisblöð sem tengjast þessu tilsvári.

Fjármálaráðherra taldi að fjármálaráðherra Breta væri að vísa til fyrirgreiðslu sem Landsbankinn hefði farið fram á í Seðlabanka Íslands en ekki fengið.

Ráðherra hefur engin minnisblöð um það mál.